



Janúar 2021

á íslensku

Þegar þeir sáu stjörnuna, glöddust þeir harla mjög. (Mt 2,10)

Kontakt: Meinolf Wacker
Kirchplatz 7
59174 Kamen

Mobil.: +49-172-5638432
Mail: meinolf.wacker@go4peace.eu
Homepage www.go4peace.eu

Haldið af stað! Set off!

Kæru vinir orðsins,

hann var ungur og kraftmikill – fullur af hugmyndum. Lífið og heimurinn stóð honum opinn, ungur maður sem lifði eins og einn vitringanna í jólafrásögninni fyrir 2000 árum. Á nóttunni dreymdi hann um fjarlæg lönd, um nýjar strendur lífsins. Á sama tíma var allt einhvern veginn orðið þröngt og lítið fyrir hann – hversdagsleg einhæfni. Vinna og streita alla vikuna – og svo að komast út úr þessu öllu um helgina. Chilla, hanga, dansa, djamma, spjalla, spila, stunda íþróttir, heimsækja ... En gnægð og friður birtist ekki í hjarta hans. Þrá eftir einhverju sem var meira en það allt brann í hjarta hans. Hann fann fyrir einhverri löngun. Það hlyti að vera eitthvað meira í lífinu. Hann varð að losna úr þessu – það var kominn tími til að fara.

Þá skein eitthvað – eins og stjarna. Hann fann tvo félag. Þeir voru þrír saman, sem „vitringarnir frá Austurlöndum“, og þeir vildu taka áhættuna. Þeir slepptu takinu og fóru. Þeir fóru út í lífið – með dularfullt ljós í hjarta sínu að leiðarljósi. Þeir fylgdu stjörnu löngunar sinnar. Og svo – eftir langt og strangt ferðalag – fundu þeir barn. Það laðaði þá til sín. Þeir féllu á kné og tilbáðu það. Á því andartaki snerti Guð hjörtu þeirra. Þrá þeirra var komin í áfangastað. Þeir fylltust mikilli gleði. Við mætum ekki Jesú með óskalista, heldur aðeins með þrána eftir því að vera með honum. Augliti til auglitis, með því að hlýða og hlusta á hann og biðja frammi fyrir augliti hans. Guð er ekki lengur hugmynd fyrir þá. Þeir kynntust HONUM í upphafi lífs síns.

Kristín hafði líka þorað að fara. Eftir stúdentspróf var hún send til lands fjölskyldu sinnar – Rússlands. Í eitt ár sökkta hún sér í heim sem hún þekkti ekki, full af krafti og rými, full af þörf og fátækt. „Ég grét oft á kvöldin. Það var of mikið fyrir mína ungu sál! En það var alltaf nýtt fólk sem annaðist mig og var til staðar fyrir mig.“ Þegar hún sagði mér það, sá ég gleði vitringanna í augum hennar. Hún hafði líka þorað og lagt af stað. Hún hafði fundið það sem hún leitaði að. Þess vegna: „**Haldið af stað! – Set off!**“

fyrir go4peace Team

Meinolf Wacker